

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 1999

23. nóvember 1999

2083

Nr. 767

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr.,
sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 707.435.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 50.917.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1999 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. nóvember 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Óskar Páll Óskarsson.

18. nóvember 1999

Nr. 768

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:	
5. Innfjarðarækja samtals	3.050
þ.a. Arnarfjörður	550
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.800
þ.a. Húnaflói	0
þ.a. Skagafjörður	200
þ.a. Skjálfandi	0
þ.a. Öxarfjörður	500

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ**um sérstök línu- og netasvæði.**

1. gr.

Frá og með 25. nóvember 1999 til og með 31. desember 1999, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 25. nóvember 1999 til og með 30. apríl 2000, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.